# ÁRSSKÝRSLA 2001

Korfuknattleikssamband Íslands - Microsoft Internet Explorer
File Edit View Favorites Tools Help
Address http://www.kki.is/default.asp

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
Icelandic Basketball Association
STOFNAÐ 29. JANÚAR 1961

Tæknival EPSON DEILDIN



8.5.2001 13:33:29

## Ársþing KKÍ 2001 á Ásvöllum um næstu helgi

Ársþing KKÍ 2001 verður haldið á Ásvöllum í Hafnarfirði um næstu helgi. Umræðuhópar munu starfa á föstudagkvöldið 11. maí, en þingið verður sett kl.10:00 laugardaginn 12. maí. Þinginu verður síðan framhaldið sunnudaginn 13. maí.

Föstudagur 11. maí
kl. 19.0 ... Hranna
kl. 19.2
kl. 20.1 ... Steinssó
kl. 21.1

Laugard
kl. 10.0
kl. 12.0
kl. 12.4
kl. 13.30 Þingnefndir taka til starfa
kl. 18 ... boði Ha
kl. 20 ... ni

Sunnu
kl. 10 ... , umræ
kl. 12
kl. 12








Þingg ... g er inn ... g og kaffi þingdagana. Þinggjald skal greitt
Verð ... ð á laug

Þeir þ ... ngu er bent á Vest Norræna gistiheimilið sem er við hlið Fjörukrárinnar en þar er tilboð til þingfulltrúa um gistingu í tvær nætur á verði einnar!!! Pöntun skal gerð í gegn um Fjörukrána.

Hádegismatur laugardag og sunnudag verður m ... fundarsalinn. Verð eins og tölunum um er 2.500

Hát ... ráarin
Kam ... vinssi
Kaff

Fyr ... ði Ha





PREN

ÚRSLIT 2001

7.5.2001 15:40:21

## MR og MK sigruðu í framhaldsskólamótinu

Framhaldsskólamóti KKÍ lauk um helgina með úrslitakeppni. Í kvennaflokki léku Fjölbrautarskóli norðurlands vestra á Sauðárkróki og Menntaskólinn í Reykjavík til úrslita og sigraði MR ... Verslun ... u það piltarnir úr MK sem
MEIRA

DORITOS

6.5.2001

## Íslan

Íslensk ... ir stu ... ndu ... u þær
og unnu
MEIRA



Kjöris
GRINDAVÍK



EPSON DEILDIN

6.5.2001

## Stelp ... llen

Kvennalandsliðið mætir því hollenska á Spur ... mótinu kl. 16 í dag að íslenskum tíma. Íslenska liðið ... og allar stelpurnar eru klárar í slaginn. Ísland mætti Hollandi á sama móti fyrir tveimur árum og þá vann Ísland 49-43 gegn

# STJÓRN KKÍ

Á 40. ársþingi KKÍ á Akureyri voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 2000-2001.

| | |
|---|---|
| Formaður til tveggja ára: | Ólafur Rafnsson |
| Stjórnarmenn til tveggja ára: | Ólafur Þór Jóhannsson<br>Magnús Svavarsson<br>Guðjón Þorsteinssonm |
| Í varastjórn til eins árs: | Sturla Jónsson<br>Sigurður Skúli Bárðarson<br>Gísli Friðjónsson |

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eitt ár eftir af kjörtímabili sínu:

| | |
|---|---|
| Meðstjórnendur: | Erla Sveinsdóttir<br>Hannes Jónsson<br>Jóhannes Karl Sveinsson |

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ólafur Rafnsson |
| Varaformaður: | Ólafur Jóhannsson |
| Ritari: | Erla Sveinsdóttir |
| Gjaldkeri: | Magnús Svavarsson |
| Meðstjórnandi: | Hannes Jónsson |
| Meðstjórnandi: | Jóhannes Karl Sveinsson |
| Meðstjórnandi: | Guðjón Þorsteinsson |

## NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

| | |
|---|---|
| Mótanefnd: | Ríkharður Hrafnkelsson<br>Hannes Jónsson<br>Gísli Georgsson |
| Dómaranefnd: | Leifur Garðarson<br>Jóhannes Karl Sveinsson<br>Helgi Bragason |
| Kvennalandsliðsnefnd: | Björg Hafsteinsdóttir<br>Guðni Hafsteinsson<br>Hrannar Jónsson |
| Karlalandsliðsnefnd: | Gísli Friðjónsson<br>Guðfinnur Friðjónsson<br>Jón Bjarni Helgason<br>Stefán Eggertsson |
| Unglingalandsliðsnefnd: | Sturla Jónsson<br>Henning Henningsson<br>Daði Steinnn Arnarson |
| Dómstóll KKÍ: | Gísli Gíslason<br>Helgi Ingólfur Jónsson<br>Ágúst Jóhannesson |

| | |
|---|---|
| Til vara: | Árni Guðmundsson<br>Halldór Halldórsson<br>Gunnar Þorvarðarson |
| Aganefnd KKÍ: | Jón Eysteinson<br>Ágúst Jóhannesson<br>Hrafn G. Johnsen |
| Til vara: | Gunnar Aðalsteinsson<br>Ingimar Ingason<br>Skúli Valtýsson |
| Félagaskiptanefnd: | Bjarni Steinarsson<br>Halldór Halldórsson<br>Elínborg Guðnadóttir |
| Til vara: | Kristinn Jörundsson<br>Hilmar Magnússon<br>Ragnar B. Sigurðsson |
| Endurskoðendur: | Ágúst Jóhannesson<br>Ottó Hafliðason |
| Framkvæmdastjóri: | Pétur Hrafn Sigurðsson |
| Íþróttafulltrúi: | Björn Leósson |
| Landsliðsþjálfari/Fræðslufulltrúi: | Friðrik Ingi Rúnarsson |

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

# SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að ársþingi lauk kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 15 bókaða fundi auk fjölmargra annara formlegra og óformlegra funda.

### TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI OG KONU ÁRSINS
Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ körfuknattleiksmann og konu ársins í sinni grein. Stjórn KKÍ valdi að þessu sinni þau Ólaf Jón Ormsson og Erlu Þorsteinsdóttur.

### FORMANNAFUNDIR
Haldinn var formannafundur um haustið í lok ágúst og rætt m.a. kynningu á Epson-deildinni. Enn fremur var haldinn sérstakur fundur í september um málefni kvennakörfuknattleiksins og deildarkeppninnar í körfuknattleik.

### NÝTT SÍMKERFI KKÍ
ÍSÍ bauð sérsamböndunum að vera með þegar símkerfi Íþróttamiðstöðvarinnar var endurnýjað. Fékk KKÍ þá mun fullkomnara símkerfi og að sjálfsögðu nýtt símanúmer og faxnúmer. Nýju númerin eru 514-4100 og faxið er 514-4101.

### SPJALLRÁS STJÓRNAR KKÍ OG FORMANNA FÉLAGA
Haldið var áfram með þessa nýbreytni og verður að segjast að viðbrögð við þeim málum sem stjórnin hefur komið fram með til að ræða hafa verið frekar slök. Enn fremur hafa félögin ekki bryddað upp á einu einasta umræðuefni.

### SAMNINGUR VIÐ TÆKNIVAL OG EPSON
Eitt ár er eftir af samningnum við Tæknival og Epson um efstu deild karla, Epson-deildina. Hefur samstarfið gengið mjög vel.

### SAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐIR
Samningur við Flugleiðir er í gildi og gildir út þetta ár. Er hann KKÍ nokkuð hagstæður. Eru Flugleiðir það fyrirtæki sem hefur átt hvað lengst samstarf við KKÍ.

### SAMNINGUR VIÐ HÓPBÍLA
Eins og undanfarin ár hefur verið í gangi samningur við Hópbíla. Hefur sá samningur reynst okkur vel í gegn um árin og verður vonandi framhald á.

### SAMNINGUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTVARPSFÉLAGIÐ
Samningur við ÍÚ rennur út nú í vor. Aldrei hafa fleiri beinar útsendingar verið frá leikjum í körfuknattleik. Alls voru 24 leikir sýndir beint í Epson-deildinni, auk annara leikja s.s. frá Kjörísbikar, Renaultbikar og landsleikja, samtals nokkuð á fjórða tug leikja. Mun ný stjórn KKÍ hefjast handa nú í vor og sumar við að semja að nýju um sjónvarpsréttinn að leikjum í körfuknattleik.

### SAMNINGUR VIÐ B&L
Samningur við B&L varðandi Renault-bikarkeppnina rann út á síðasta ári. KKÍ hefur gert samning við B&L um áframhaldandi samstarf til tveggja ára. Það er mjög mikilvægt fyrir KKÍ að halda áfram góðu samstarfi við fyrirtækið, þó á öðrum nótum.

### SAMNINGUR VIÐ ÖLGERÐINA EGILL SKALLAGRÍMSSON
Samningur náðist við Ölgerðina um að vera stuðningsaðili KKÍ og kaupa Bikarkeppni KKÍ. Heitir bikarkeppnin Bikarkeppni KKÍ og Doritos. Samið var til þriggja ára með endurskoðunarákvæði eftir fyrsta árið.

### SAMNINGUR VIÐ KJÖRÍS.
Kjörís tók við af Félagi Eggjaframleiðenda og er stuðningsaðili fyrirtækjabikarsins sem nú heitir Kjörísbikarinn. Samningurinn var gerður til þriggja ára. Fyrsta árið lofaði góðu og væntum við mikils af framhaldinu.

### SAMNINGUR VIÐ LENGJUNA
KKÍ fær 1.5% af þeirri upphæð sem tippað er á körfuboltaleiki, hvort heldur sem þeir eru leiknir innanlands eða utan. Ástæða er til að hvetja körfuknattleiksunnendur að tippa á körfuboltaleiki á Lengjunni í stað annara íþróttagreina.

## SAMNINGUR VIÐ AUSTURBAKKA

Samningur KKÍ við Austurbakka rennur út nú í maí. Samstarf KKÍ og Austurbakka hefur verið verið mjög langt og farsælt og unnið verður að því gera nýjan samning.

## LOKAHÓF KKÍ

Hófið var haldið í Broadway og tókst í flesta staði mjög vel. Boðið var upp á glæsilega sýningu eftir verðlaunaafhendingu. Það varpaði nokkrum skugga á annars glæsilegt hóf hversu mörg félög mættu ekki á hófið. Var þetta fámennasta hóf í nokkurn tíma og ljóst að eitthvað verður að gera til að mynda stemmingu fyrir hófinu. Hófið er fyrir leikmenn liðanna, þjálfara og stjórnarmenn en ekki fyrir KKÍ. Ef þessir aðilar hafa ekki áhuga á að sækja hóf með þessu sniði þá verða að koma aðrar hugmyndir annars endar það með að það verða bara verðlaunahafar sem mæta!

## SAGA KKÍ

Saga KKÍ og körfuknattleiks á Íslandi í hálfa öld, „Leikni framar líkamsburðum," kom út á 40 ára afmæli KKÍ. Bókin er sérlega glæsileg og er óhætt að fullyrða að enn hefur ekki komið út glæsilegra og læsilegra rit um sögu nokkurs félags, sambands eða íþróttar. Fá ritnefnd og ritstjóri mikið hrós fyrir. Söguritari var Skapti Hallgrímsson en ritnefndin var skipuð þeim Gunnari Gunnarssyni formanni, Guðmundi Þorsteinssyni, Rúnari Gíslasyni, Jóni Eysteinssyni og Ríkharði Hrafnkelssyni. Er nauðsynlegt að allir körfuboltaunnendur eignist eintak af bókinni.

## AFMÆLISHÓF KKÍ

Þann 29. janúar 2001 átti KKÍ 40 ára afmæli. KKÍ hélt veglegt afmælishóf af því tilefni þann 24. febrúar í Félagsheimili Kópavogs og tókst það mjög vel. Fjölmargir gestir mættu í afmælið m.a. forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti ÍSÍ, Ellert B. Schram, og fulltrúi FIBA, Valdu Suurkask forseti tækninefndar FIBA. Afmælisnefndin var skipuð þeim Jóhannesi Karli Sveinssyni, Ólafi Jóhannssyni og Þorsteini Hallgrímssyni.

## HEIÐURSKROSSAR KKÍ

Á afmælishófi KKÍ voru tveir einstaklingar sæmdir Heiðurskrossi KKÍ, sem er æðsta heiðursmerki sambandsins. Fram að þeim tíma hafði einungis einum aðila hlotnast sá heiður í 40 ára sögu sambandsins, en það var fyrsti formaðurinn, Bogi Þorsteinsson. Þeir tveir einstaklingar sem hlutu þennan heiður voru þeir Einar Ólafsson og Einar Gunnar Bollason. Hvorugan þarf að kynna fyrir íslenskum körfuknattleiksáhugamönnum og eru þeir vel að heiðrinum komnir.

## HAUSTFAGNAÐUR

Haustfagnaður fyrir eldri jafnt sem yngri áhugamenn um körfuknattleik var haldinn í annað sinn, að þessu sinni í glæsilegri veisluaðstöðu Ís-Hesta í Hafnarfirði. Var ekkert til sparað og hófið hið glæsilegasta og skemmtilegasta. Því miður var mæting mjög dræm, og talsvert um afboðanir síðustu dagana. Óvíst er hvort KKÍ haldi þessu framtaki áfram ef áhugi manna glæðist ekki, en tilgangurinn er í senn að virkja til starfsins á ný eldri félaga og tengja kynslóðir leikmanna, þjálfara, stjórnarmanna, dómara, landsliða og annarra sem komið hafa að starfinu í gegnum árin.

## MEISTARAKEPPNIN Í KÖRFUKNATTLEIK

Meistarakeppnin – góðgerðarleikurinn var haldin í sjötta sinn. Í fyrsta sinn voru leikir karla og kvenna haldnir sjálfstætt hvor um sig og fór kvennaleikurinn fram í Keflavík og karlaleikurinn í KR-húsinu. Eins og áður rann allur ágóði til góðgerðarmála og samdi KKÍ við „Umhyggju" til næstu þriggja ára um að félög innan „Umhyggju" njóti ágóðans af leikjunum.

## STJÖRNULEIKUR KKÍ.

Leikurinn fór nú fram í Njarðvík í umsjón Njarðvíkinga og KKÍ. KKÍ vill þakka Njarðvíkingum góða framkvæmd. Leikurinn var sýndur í beinni útsendingu SÝNAR og voru skemmtileg tilþrif að vanda. Skilaði leikurinn góðum tekjum til landsliðsnefndar KKÍ en hann er ein helsta tekjuöflun nefndarinnar. Sú nýbreytni var tekin upp að íþróttafélagi fatlaðra á Suðurnesjum var boðið að senda iðkendur sína tveim tímum fyrir leik og unnu stjörnuleikmennirnir með krakkana í klukkutíma. Almenn ánægja var með þetta bæði hjá stjörnuleikmönnunum og fötluðu íþróttamönnunum.

## VAL Á LIÐUM ALDARINNAR.

Lið aldarinnar í karla og kvennaflokki var valið. Það var Gunnar Freyr Steinsson sem hafði veg og vanda að undirbúningi þess. Valin var 50 manna dómnefnd í karlaflokki og 25 manna dómnefnd í kvennaflokki og völdu þær 12 manna lið.

Eftirtaldir skipa liðin:

| Karlaflokkur: | Kvennaflokkur: |
|---|---|
| Pétur Guðmundsson | Anna María Sveinsdóttir |
| Valur Ingimundarson | Alda Leif Jónsdóttir |
| Teitur Örlygsson | Emilía Sigurðardóttir |
| Jón Sigurðsson | Kolbrún Leifsdóttir |
| Þorsteinn Hallgrímsson | Linda Jónsdóttir |
| Kolbeinn Pálsson | Björg Hafsteinsdóttir |
| Torfi Magnússon | Erla Þorsteinsdóttir |
| Símon Ólafsson | Hanna Kjartansdóttir |
| Einar Bollason | Kristín Jónsdóttir |
| Pálmar Sigurðsson | Guðbjörg Norðfjörð |
| Jón Kr. Gíslason | |
| Guðmundur Bragason | |

Einnig voru valdir þjálfarar aldarinnar þeir Einar Bollason og Friðrik Ingi Rúnarsson og dómarar aldarinnar Jón Otti Ólafsson og Leifur Garðarsson.

## NETIÐ OG VEFSÍÐA KKÍ

Netið fer sífellt vaxandi í öllum samskiptum KKÍ við félögin og almenning í landinu. Ný vefsíða KKÍ var tekin í notkun. Heiðurinn af gerð hennar á Gunnar Freyr Steinsson, og hefur síðan fengið lof sem ein besta og aðgengilegasti vefurinn innan íþróttahreyfingarinnar. Vefurinn var vígður á kynningarfundi Epson-deildarinnar. Vefurinn fær yfir 18.000 heimsóknir á mánuði þegar mest er. Ljóst er því að mikilvægt er að vefurinn sé reglulega uppfærður og sé með nýjustu upplýsingar hvað varðar úrslit leikja og aðrar fréttir. Vefurinn þjóðar ekki síður sem mikilvægt áróðurstæki fyrir körfuknattleikinn í landinu. Það er félaganna að senda inn úrslit og tölfræði eftir að leikjum lýkur. Nokkur misbrestur hefur verið á því og hafa sjálfboðaliðar eins og Óskar Jónsson og Rúnar Gíslason verið iðnir við að koma úrslitum inn á vefinn.

## NÝTT TÖLFRÆÐIFORRIT

Næsta haust er ráðgert að taka upp nýtt kerfi við að taka tölfræði. Verður tölfræðin slegin beint inn á tölvu sem tengd er netinu. Verður hægt að fylgjast með gangi mála í öllum leikjum í Epson-deildinni á netinu næsta vetur. Fjórir nemendur í Háskólanum í Reykjavík hafa búið til forrit til að taka og halda utan um tölfræðina. Hvert félag þarf því að fá sér tvær tölvur til að taka tölfræðina jafnóðum. Þegar þetta kerfi kemst í notkun verður körfuknattleikshreyfingin langt á undan öðrum íþróttagreinum á nýtingu á netinu og möguleikum þess. Ráðgert er að KKÍ muni standa fyrir námskeiðum fyrir félögin í haust til að kynna þessa nýju tækni.

## KÖRFUBOLTASPJALLIÐ

Körfuknattleiksdómarafélag Íslands hefur haldið utan um KKDÍ-vefinn og hefur Gunnar Freyr Steinsson, betur þekktur sem „Mikki Vefur", haldið utan um þann vef á frábæran hátt. Körfuboltaspjallið er mikið heimsótt og hefur í flestum tilfellum verið mjög málefnalegt. Fyrirsvarsmenn KKÍ hafa nýtt þennan upplýsingavettvang þegar tilefni hefur gefist til og tekið þátt í umræðu og upplýsingagjöf.

## VEFSÍÐUR FÉLAGANNA

Sífellt fleiri félög hafa komið sér upp vefsíðum, sumar með spjallrásum og hefur í flestum tilfellum tekist vel til. KKÍ leggur mikla áherslu á þennan nýja miðil nútímans og framtíðarinnar, og hefur hvatt félög til þess að koma sér upp vefsíðum. Er ljóst að þarna þarf að vinna mikið starf því eins og allir vita höfðar netið til unga fólksins og því mikilvægt að vera í fararbroddi þar. Til marks um þetta veitti KKÍ bestu vefsíðu félags sérstök verðlaun á lokahófi KKÍ. Varð síða KR fyrir valinu.

## AFREKSSTEFNA KKÍ

KKÍ kynnti afreksstefnu sína á fjölmiðlafundi sem haldinn var í marsmánuði. Þar var kynnt metnaðarfull afreksstefna til næstu 6 ára, fyrir bæði karla- og kvennalandslið. Meðal nýjunga er kynning s.k. „andsliðsfjölskyldu" og er stefna KKÍ að vinna náið með félögunum, vinnu/skóla og foreldrum afreksleikmanna frá fyrstu stigum. Samstarf við þessa aðila, ásamt fjárhagslegum grundvelli, er nauðsynleg forsenda þess að markmið verði raunhæf.

**NÝR LANDSLIÐSÞJÁLFARI KVENNA**
Sigurður Ingimundarson var ráðinn landsliðsþjálfari kvenna nú í vor og tók hann við af Jóni Erni Guðmundssyni sem gaf ekki kost á sér áfram til starfans. Væntir stjórn KKÍ mikils af samstarfi við Sigurð um leið og Jóni eru þökkuð góð störf.

**FUNDIR**
Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson sóttu FIBA þingið sem haldið var í Tyrklandi í maí. Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra Norðurlanda var haldinn í Reykjavík að þessu sinni. Pétur Hrafn sótti fund unglinganefndar FIBA í Munchen en hann er meðlimur í nefndinni. Auk þess sótti Pétur aukaþing FIBA sem haldið var í Munchen. Bæði Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson hafa sótt marga fundi hjá ÍSÍ og hafa setið í nefndum á vegum ÍSÍ.

**SETNING ÍSLANDSMÓTSINS**
Mótið var að þessu sinni sett á Akureyri í fyrsta sinn. Upphafi Íslandsmótsins voru gerð góð skil í fjölmiðlum. Má þar geta sérblaðs hjá DV og sérstaks þáttar hjá SÝN.

**ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ**
KKÍ hélt þjálfaranámskeið sl. sumar þar sem Ettore Messina, fyrrum landsliðsþjálfari Ítala og einn þekktasti þjálfari Evrópu mætti til leiks. Enn fremur hélt Nelson Isley fyrirlestra á námskeiðinu.
Jim Baker hélt hér fyrirlestur fyrir þjálfara í ágúst. Friðrik Ingi Rúnarsson og Nelson Isley stóðu fyrir nokkrum námskeiðum en nokkur varð að fella niður vegna skorts á þátttakendum!! Er slíkt einkennilegt, sérstaklega þegar haft er í huga skortur á þjálfurum í körfuknattleik. Enn fremur vekur athygli að einungis tveir körfuboltaþjálfara hafa sótt þjálfaranámskeið ÍSÍ. Er ljóst að KKÍ og félögin verða að gera stórátak í þjálfaramálum og glæða áhuga einstaklinga á að sækja slík námskeið.
Þess má geta að Fræðsluráð ÍSÍ mun setja af stað herferð sem beint verður að foreldrum og þeir hvattir til að kynna sér hvort þjálfarinn sem er að þjálfa barnið þeirra sé með þjálfaramenntun. Mikilvægt er að körfuboltinn verði í fremstu röð hér sem annarstaðar.

**3 Á 3 Mót**
KKÍ í samvinnu við ÍBR stóð fyrir 3 á 3 götukörfuboltamóti síðastliðið sumar. Var Pétur Guðmundsson fenginn til að stjórna því móti sem heppnaðist ágætlega.

**BANDARÍSKUR ÞJÁLFARI TIL ÍSLANDS**
KKÍ fékk Nelson Isley til landsins á síðasta ári og var hann hér á landi frá ágústbyrjun til miðs desember. Hann byrjaði reyndar ekki gæfulega því hann fékk nýrnarsteina og var skorinn upp á Landsspítalanum í miðju Norðurlandamóti. Það tók hann 3 vikur að jafna sig eftir uppskurðinn.
Nelson heimsótti fjölda skóla á Íslandi og kynnti körfuknattleik. Tókst heimsókn Nelsons til landsins mjög vel og var hann mjög ánægður hér á landi og við ánægð með hans störf.
Eitt var það sem betur mátti fara en það er að KKÍ hafði hugsað sér að Nelson heimsótti félögin, mætti á æfingar hjá yngri flokkum, horfði á þær og ræddi svo við þjálfara félaganna á eftir um hvað þeir væru að gera vel og hvað mætti betur fara. Hugmyndin var að þjálfarar fengju nánast einkakennslu eftir að æfingu þeirra lauk. Viðbrögðin komu vægast sagt á óvart því lítill sem enginn áhugi var fyrir þessu og olli það miklum vonbrigðum.

**BÆKLINGUR UM FJÓRLEIKI KKÍ.**
KKÍ gaf s.l. haust út kynningarbækling um fjóra leiki í körfuknattleik. Var bæklingnum dreift í flesta skóla og nýttu Nelson Isley og Friðrik Ingi Rúnarsson sér hann við kynningu á körfuknattleik í skólum. Geta félög fengið bæklinginnef þau ráðast í kynningu í skólum.

**TILLÖGUR TIL FIBA**
Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu hafði KKÍ unnið mikið að tillögum að breytingu á keppnisfyrirkomulagi Evrópukeppni landsliða. Var lögð fram tillaga um að fjölga þjóðum í milliriðlum Evrópukeppninnar um sex þannig að í stað þess að hafa 4 riðla með sex þjóðum þá verði þeir 5.
Eftir að hafa rætt tillögu Íslands ákvað nefnd FIBA um Evrópukeppni landsliða að leggja fram aðra tillögu sem fól í sér fækkun þjóða í milliriðlum úr 24 í 20. Var þar gengið þvert gegn tillögu Íslands. Fulltrúar KKÍ lögðu þá fram breytingartillögu sem fól í sér nánast óbreytt ástand og kröfðust atkvæðagreiðslu um málið. Fór svo að tillaga Íslands var samþykkt með miklum meirihluta (36-4) og var þetta í fyrsta sinn í 68 ára sögu FIBA að tillaga sem nefnd innan sambandsins lagði fram var felld.

**SEMINAR MEÐ FJÖLMIÐLAMÖNNUM**
KKÍ hélt í fjórða sinn seminar fyrir Íþróttafréttamenn sem starfa hjá stærstu fjölmiðlum landsins. Haldinn var fyrirlestur um starfsemi KKÍ og þau verkefni sem framundan voru hjá KKÍ. Var farið til Hveragerðis og eiga Hamarsmenn þakkir skildar fyrir góðar móttökur. Heppnaðis seminarið mjög vel. Að venju var keppt í verklegum og skriflegum körfuknattleiksþrautum, og sigurvegari að þessu sinni var Valtýr Björn Valtýsson frá Íslenska Útvarpsfélaginu.

**SEMINAR MEÐ VEFSTJÓRUM**
Að þessu sinni var einnig haldið í fyrsta sinn seminar fyrir vefstjóra heimasíðna. Fór seminarið fram í gamla Haukahúsinu í Hafnarfirði. Var haldin ítarleg kynning á starfsemi KKÍ, og síðan haldin sambærileg keppni og á fjölmiðlaseminari. Sigurvegari að þessu sinni var tölfræðisnillingurinn Óskar Jónsson, sem keppti fyrir visi.is.

**HEIÐURSVIÐURKENNINGAR**
Á lokahófi KKÍ fékk Ólafur Þór Jóhannsson varaformaður KKÍ gullmerki sambandsins fyrir frábær störf í þágu greinarinnar. Hann lætur nú af stjórnarsetu þar sem hann flyst utan.

Eftirtaldir fengu silfurmerki KKÍ:
Ragnar B. Sigurðsson
Bjarni Steinarsson
Grétar D. Pálsson
Gísli Georgsson
Anna María Sveinsdóttir
Ingvar Kristinsson
Sverrir Hjörleifsson

**SKÓLAMÓT**
Eins og undanfarin ár stóð KKÍ fyrir framhaldsskólamóti í körfuknattleik. Ekki var fenginn sérstakur stuðningsaðili fyrir mótið en reynt verður að bæta úr því fyrir næsta ár.

**NORÐURLANDAMÓT KARLALANDSLIÐA**
Norðurlandamót karlalandsliða fór fram í Reykjanesbæ í byrjun ágústmánaðar. Mótið heppnaðist í alla staði mjög vel og naut KKÍ mikils stuðnings frá Keflavík og Njarðvík við framkvæmd mótsins. Á engan er hallað þegar sérstakar þakkir eru færðar þeim Lárusi Inga Friðfinnssyni úr Hveragerði sem eldaði ofan í mannskapinn og Hannesi Jónssyni sem sá um aðföng.

**NORÐURLANDAMÓT UNGLINGALANDSLIÐA KVENNA**
Norðurlandamót unglingalandsliða kvenna sem vera átti hér á landi féll niður þar sem Svíar sögðust ekki hafa efni á að senda lið. Danir hættu þá einnig við og sjálfhætt var með mótið. Olli það okkur nokkrum vonbrigðum sérstaklega þar sem æfingar voru hafnar hjá landsliðinu sem skipað var leikmönnum fæddum 1984 og síðar.

**LYFJAMÁL.**
Heilbrigðisráð ÍSÍ kærði þrjá einstaklinga í körfuknattleik vegna misnotkunar á lyfjum.
Einn einstaklingur var sýknaður þar sem hún tók astmalyf sem heimilt er að taka ef viðkomandi er sannanlega astmaveik. Tveir leikmenn úr Epsondeildinni voru dæmdir í eins mánaðar bann fyrir að hafa neytt efna með Efedríni. Vægasta refsing fyrir notknun efedríns er áminning en sú harðasta er þrír mánuðir. Þess má geta að notkun flestra annara lyfja þýðir lágmark tveggja ára bann.
Ástæða er til að hvetja félögin til að vera á varðbergi gagnvart notkun allskyns fæðubótarefna og láta hæfa einstaklinga meta hvað er leyft og hvað er ekki leyft að taka.

# SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Ægi Ágústssyni og Hannesi Jónssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Njarðvíkingar urðu deildarmeistarar í EPSON-deildinni, en Valur og KFÍ féllu í 1. deild. Úrslitakeppnin var mjög

ÍR fagnaði hins vegar sigri í bikarkeppni KKÍ & DORITOS eftir úrslitaleik við Hamar. Hamar lék sinn fyrsta bikarúrslitalelik og ÍR vann sinn fyrsta bikarmeistaratitil og fyrsta stóra titil félagsins síðan 1977, er félagið varð síðast Íslandsmeistari. Í Kjörísbikarnum fagnaði UMFG sínum fyrsta titli í þeirri keppni eftir sigur á KR í úrslitaleik keppninnar sem fram fór fram í Smáranum í Kópavogi annað árið í röð. Liðin sem komust í undanúrslit en töpuðu þar voru UMFN og Keflavík. KR sigraði í Kjörísbikarkeppni kvenna, sem haldin var í fyrsta sinn.

Í 1. deild kvenna leiku fimm félög. Tindastóll hélt ekki áfram í deildinni frá árinu áður. KR varð deildarmeistari og sigraði síðan Keflavík 3-0 í úrslitaleikjunum og hampaði Íslandsbikarnum. KR varð einnig bikarmeistari eftir úrslitaleik við Keflavík. UMFN sigraði í 2. deild kvenna og tekur sæti í 1. deild næsta vetur. Auk UMFN tóku Þór Ak., Haukar, UMFH, ÍA, Hamar og sameiginlegt lið ÍR og Breiðabliks þátt í 2. deild kvenna sl. vetur.

Í 1. deild karla kepptu tíu lið eins og undanfarin ár. Stjarnan varð deildarmeistari, en auk þeirra komust Breiðablik, Selfoss og Þór Þ.í úrslitakeppnina. Stjarnan og Breiðalik tryggðu sér sæti í EPSON-deildinni eftir tvo sigra á suðurlandsliðunum og Breiðablik tryggði sér síðan Íslandsmeistaratitil eftir 2-0 sigur á Stjörnunni. ÍV og Höttur féllu í 2. deild.

Úrslitakeppni 2. deildar karla fór að þessu sinni fram á Snæfellsnesi. Leikið var í riðlum í Ólafsvík og Grundarfirði en úrslitaleikirnir fór fram í Ólafsvík. Reynir S. og ÍG léku til úrslita og svo fór að Reynir S. sigraði og leikur í 1. deild að ári, ásamt ÍG.

Það má með sanni segja að keppnistímabilið 2000-2001 hafi verið ár félaganna úr Reykjaneskjördæmi hinu gamla. Lið úr kjördæminu, sem nú heirir víst sögunni til, unnu allar deildir karla og þau fjögur lið sem færðust upp á milli deilda voru öll frá Reykjaneskjördæmi. Það sem upp úr stendur er auðvitað að Íslandsmeistaratitilillinn í meistaraflokki karla fór aftur á Suðurnesin eftir árs dvöl í Reykjavík.

Alls sendu 45 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 2000-2001, þar af var eitt gestalið (unglingalandlið KKÍ í unglingaflokki karla). Félögum sem taka þátt í Íslandsmótinu fækkaði því um þrjú frá síðasta ári. Átta félög sem voru með árið áður tóku ekki þátt að þessu sinni, en fimm ný bættust við. Þau sem ekki tóku þátt voru: Golfklúbbur Grindavíkur, Stafholtstungur, Víkingur Ól. USVH, Mostri, GKG, Hjólreiðaf. Reykjavíkur og Glói.. Nýju félögin voru ÍG sem komm í stað GG, Léttir, Augnablik, Geislinn og Reykdælir. Af þessum 45 félögum tóku 38 þátt í deildarkeppninni í meistaraflokki, en 7 félög sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkunum. Þau voru: Kormákur, Leiftur, Fram S. Hörður, Reykdælir, Geislinn og Fjölnir. Þess ber að geta að Valur og Fjölnir sendu sameiginleg lið til keppni í meistaraflokki og unglingaflokki, en yngri flokka liðin voru úr Grafarvogi annars vegar og Hlíðarenda hins vegar, þótt þau lékju öll sem Valur/Fjölnir. ÍR og Breiðablik sendu sameiginleg lið til keppni í kvennaflokkum og Dalvík og Leiftur sendu sameiginleg lið til keppni í yngri flokkum

Mótanefnd barst nokkur fjöldi beiðna um tilfærslu á leikjum eins og undanfarin ár. Flestar þessar beiðnir komu fram með of skömmum fyrirvara þannig að svigrúm til breytinga var ekkert. Í öðrum tilvikum voru leikir færðir til ef gildar ástæður voru fyrir beiðninni eins og lög og reglugerðir kveða á um. Sú festa sem mótanefnd hefur sýnt í þessum efnum undanfarin ár hefur skilað því að nú er hægt að treysta mótabók KKÍ. Leikir fara fram á þeim tíma sem þar kemur fram, nema í undantekningar tilfellum.

# ÍSLANDSMÓT 2000-2001

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla - EPSON-deild | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 1. deild kvenna | Knattspyrnufélag Reykjavík |
| 1. deild karla | Ungmennafélagið Breiðablik |
| 2. deild karla | Íþróttafélagið Reynir Sandgerði |
| 2. deild kvenna | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 1. flokkur karla | |
| Unglingaflokkur karla | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| Unglingaflokkur kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| Drengjaflokkur | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 11. flokkur karla | Ungmennafélagið Stjarnan |
| 10. flokkur karla | Ungmennafélag Selfoss |
| 10. flokkur kvenna | Ungmennafélag Grindavíkur |
| 9. flokkur karla | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 9. flokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| 8. flokkur karla | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 8. flokkur kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 7. flokkur karla | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 7. flokkur kvenna | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Minnibolti drengja | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Minnibolti stúlkna | Ungmennafélag Grindavíkur |

ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

| | |
|---|---|
| 10. flokkur karla | Íþróttafélagið Höttur |
| 9. flokkur karla | Valur/Fjölnir c |
| 8. flokkur karla | Ungmennafélagið Kormákur |
| 7. flokkur karla | Valur/Fjölnir c |
| Minnibolti drengja | Ungmennafélagið Breiðablik b |

MEISTARFLOKKUR KARLA EPSON-DEILD

# EPSON-deildin 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 22 | 16 | 6 | 2065:1793 | 272 | 32 |
| 2. | Tindastóll | 22 | 16 | 6 | 1953:1849 | 104 | 32 |
| 3. | Keflavík | 22 | 16 | 6 | 2053:1823 | 230 | 32 |
| 4. | KR | 22 | 15 | 7 | 1939:1809 | 130 | 30 |
| 5. | Haukar | 22 | 13 | 9 | 1818:1727 | 91 | 26 |
| 6. | Hamar | 22 | 13 | 9 | 1869:1872 | -3 | 26 |
| 7. | UMFG | 22 | 11 | 11 | 1932:1895 | 37 | 22 |
| 8. | Skallagrímur | 22 | 10 | 12 | 1800:1951 | -151 | 20 |
| 9. | ÍR | 22 | 8 | 14 | 1772:1930 | -158 | 16 |
| 10. | Þór Ak. | 22 | 6 | 16 | 1883:2041 | -158 | 12 |
| 11. | Valur | 22 | 4 | 18 | 1731:1891 | -160 | 8 |
| 12. | KFÍ | 22 | 4 | 18 | 1873:2107 | -234 | 8 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI EPSON-DEILDAR

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN - Skallagrímur | 95-70 | KR - Haukar | 95-77 |
| Skallagrímur - UMFN | 85-82 | Haukar - KR | 82-87 (78-78) |
| UMFN - Skallagrímur | 87-57 | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll - UMFG | 97-80 | Keflavík - Hamar | 103-69 |
| UMFG - Tindastóll | 85-58 | Hamar - Keflavík | 62-106 |
| Tindastóll - UMFG | 79-75 | | |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN - KR | 89-84 | Tindastóll - Keflavík | 109-87 |
| KR - UMFN | 95-96 (87-87) | Keflavík - Tindastóll | 106-90 |
| UMFN - KR | 112-108 (94-94) | Tindastóll - Keflavík | 96-92 |
| | | Keflavík - Tindastóll | 67-66 |
| | | Tindastóll - Keflavík | 70-65 |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| UMFN - Tindastóll | 89-65 |
| Tindastóll - UMFN | 79-100 |
| UMFN - Tindastóll | 93-96 |
| Tindastóll - UMFN | 71-96 |

**TÖLFRÆÐI EPSON-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR**
(Sjá nánar wwww.kki.is)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flest stig í EPSON – deild | Dwayne Fontana | KFÍ | 33,0 |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Alexander Ermolinskij | Skallagrím | 49,2% |
| Besta vítanýting | Guðjón Skúlason | Keflavík | 91,4% |
| Flest fráköst | Shawn Myers | Tindastól | 16,4 |
| Flestar stoðsendingar | Warren Peeples | Skallagrím | 6,9 |
| Flest varin skot | Calvin Davis | Keflavík | 3,41 |
| Flestir stolnir boltar | Warren Peeples | Skallagrím | 3,95 |

**ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ**

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið EPSON-deildar | Ólafur Ormsson | KR |
| | Eiríkur Önundarson | ÍR |
| | Logi Gunnarsson | UMFN |
| | Jón Arnór Stefánsson | KR |
| | Óðinn Ásgeirsson | Þór Ak. |

| | | |
|---|---|---|
| Besti leikmaður | Ólafur Jón Ormsson | KR |
| Besti nýliði | Jón Arnór Stefánsson | KR |
| Besti erlendi leikmaður | Calvin Davis | Keflavík |
| Besti þjálfari | Pártur Ingvarsson | Hamri |
| Besti dómari | Leifur Garðarsson | Haukum |
| Efnilegasti dómari | Erlingur Snær Erlingsson | ÍR |

**LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA**

# 1. deild kvenna 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR | 16 | 12 | 4 | 1077:865 | 212 | 24 |
| 2. | Keflavík | 16 | 11 | 5 | 1075:947 | 128 | 22 |
| 3. | KFÍ | 16 | 10 | 6 | 1007:918 | 89 | 20 |
| 4. | ÍS | 16 | 7 | 9 | 915:923 | -8 | 14 |
| 5. | UMFG | 16 | 0 | 16 | 789:1210 | -421 | 0 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDAR KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| KR – ÍS | 79-20 | Keflavík - KFÍ | 79-67 |
| ÍS - KR | 46-67 | KFÍ - Keflavík | 69-79 |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| KR - Keflavík | 57-55 |
| Keflavík - KR | 52-77 |
| KR - Keflavík | 64-58 |

**TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Besta vítanýting í | Theódóra Káradóttir | Keflavík | 83,3% |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Hafdís Helgadóttir | ÍS | 34,4% |
| Flest stig í 1. | Jessica Gaspar | KFÍ | 24,1 |
| Flest fráköst í | LaDrina Sanders | UMFG | 17,0 |
| Flest varin skot í | Heather Corby | KR | 5,3 |
| Flestir stolnir boltar | Jessica Gaspar | KFÍ | 5,1 |
| Flestar stoðsendingar | Jessica Gaspar | KFÍ | 5,3 |

**ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ**

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið 1. deildar kvenna | Hildur Sigurðardóttir | KR |
| | Marín Rós Karlsdóttir | Keflavík |
| | Kristín Jónsdóttir | KR |
| | Sólveig Gunnlaugsdóttir | UMFG |
| | Hanna Kjartansdóttir | KR |
| Besti leikmaður | Kristín Jónsdóttir | KR |
| Besti nýliði | Svava Ósk Stefánsdóttir | Keflavík |
| Besti þjálfari | Henning Henningsson | KR |

**LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA**

# 1. deild karla 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Stjarnan | 18 | 16 | 2 | 1558:1284 | 274 | 32 |
| 2. | Breiðablik | 18 | 16 | 2 | 1722:1252 | 470 | 32 |
| 3. | Selfoss | 18 | 12 | 6 | 1602:1527 | 75 | 24 |
| 4. | Þór Þorl. | 18 | 10 | 8 | 1604:1495 | 109 | 20 |
| 5. | Snæfell | 18 | 9 | 9 | 1315:1389 | -74 | 18 |
| 6. | ÍS | 18 | 8 | 10 | 1294:1302 | -8 | 16 |
| 7. | Ármann/Þróttur | 18 | 7 | 11 | 1362:1517 | -155 | 14 |
| 8. | ÍA | 18 | 5 | 13 | 1376:1570 | -194 | 10 |
| 9. | Höttur | 18 | 4 | 14 | 1254:1448 | -194 | 8 |
| 10. | ÍV | 18 | 3 | 15 | 1283:1586 | -303 | 6 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD KARLA

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan - Þór Þorl. | 107-83 | Breiðablik - Selfoss | 124-75 |
| Þór Þorl. - Stjarnan | 85-97 | Selfoss - Breiðablik | 77-101 |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Stjarnan - Breiðablik | 67-75 |
| Breiðablik - Stjarnan | 87-71 |

## 2. DEILD KARLA

Alls tóku 20 félög þátt í 2. deild karla. Deildinni skipt í tvær heima/heiman deildir og tvo fjölliðamótsriðla. Fjögur liðanna voru gestalið.

### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A1

## 2. deild ka. A-1 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Reynir S. | 14 | 13 | 1 | 1297:920 | 377 | 26 |
| 2. | KR B | 14 | 11 | 3 | 1194:977 | 217 | 22 |
| 3. | HK | 14 | 10 | 4 | 1067:944 | 123 | 20 |
| 4. | ÍG | 14 | 7 | 7 | 1071:1124 | -53 | 14 |
| 5. | Valur/Fjölnir B | 13 | 4 | 9 | 835:974 | -139 | 8 |
| 6. | Hrönn | 14 | 4 | 10 | 863:1035 | -172 | 8 |
| 7. | Árvakur | 14 | 3 | 11 | 927:1082 | -155 | 6 |
| 8. | Örninn | 13 | 3 | 10 | 766:964 | -198 | 6 |

KR b og Valur/Fjölnir b voru gestalið og stig þeirra liða telja ekki.

### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A2

## 2. deild ka. A-2 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Smári Varmahlíð | 12 | 9 | 3 | 891:729 | 162 | 18 |
| 2. | Skotf Ak | 12 | 9 | 3 | 1034:861 | 173 | 18 |
| 3. | Dalvík | 12 | 6 | 6 | 913:866 | 47 | 12 |
| 4. | ÍFL | 12 | 0 | 12 | 514:896 | -382 | 0 |

### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA B-1

## 2. deild ka. B-1 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Ungl. landslið | 9 | 9 | 0 | 776:488 | 288 | 18 |
| 2. | Reynir H | 9 | 3 | 6 | 625:621 | 4 | 6 |
| 3. | Léttir | 9 | 3 | 6 | 578:628 | -50 | 6 |
| 4. | ÍA B | 9 | 3 | 6 | 513:755 | -242 | 6 |

Unglingalandsliðið var gestalið og stig liðsins telja ekki.

### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA B-2

## 2. deild ka. B-2 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Laugdælir | 9 | 8 | 1 | 739:526 | 213 | 16 |
| 2. | UMFH | 9 | 5 | 4 | 550:576 | -26 | 10 |
| 3. | Stjarnan B | 9 | 3 | 6 | 456:478 | -22 | 6 |
| 4. | Augnablik | 9 | 2 | 7 | 398:563 | -165 | 4 |

Stjarnan b var gestalið og stig liðsins telja ekki.

### ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegarar riðlanna komust í úrslit auk liða númer 2 A1 og A2 og lið númer 3 og 4 í A1. Keppnin var haldin á Snæfellsnesi. Riðlarnir voru leiknir í Ólafsvík og Grundarfirði og úrslitaleikirnir fóru fram í Ólafsvík. Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Efstu liðin í hvorum riðli

léku síðan úrslitaleik deildarinnar, liðin í 2. sæti léku um 3.-4. sætið o.s.f.v. Svo fór að Reynir S. og ÍG léku til úrslita og hafði Reynir Sandgerði betur. Bæði liðin unnu sér rétt til að leika í 1. deild að ári.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:
A-riðill: Reynir, Skotfélag Akureyrar, Reynir H. Hrönn.
B-riðill: HK, Hrönn, Laugdælir, Smári.

Úrslit leikjanna voru eftirfarandi:
A-riðill:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reynir H. - Reynir S. | 58-77 | Reynir H. -Skotf.Ak. | 71-72 |
| Hrönn - Skotf. Ak. | 78-89 | Skotf. AK. - Reynir S. | 98-105 |
| Hrönn - Reynir S. | 58-76 | Reynir H. - Hrönn | 72-58 |

B-riðill:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Laugdælir - HK | xx-xx | Laugdælir - Smári | xx-xx |
| ÍG - Smári | xx-xx | Smári - HK | xx-xx |
| ÍG - HK | xx-xx | Laugdælir - ÍG | xx-xx |

**LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI:**

# 2.d.ka.úrslitakeppni A-riðill 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Reynir S. | 3 | 3 | 0 | 258:214 | 44 | 6 |
| 2. | Skotf Ak | 3 | 2 | 1 | 259:254 | 5 | 4 |
| 3. | Reynir H | 3 | 1 | 2 | 201:207 | -6 | 2 |
| 4. | Hrönn | 3 | 0 | 3 | 194:237 | -43 | 0 |

**LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI:**

# 2. d.ka.úrslitakeppni B-riðill 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍG | 0 | 0 | 0 | 000:000 | 0 | 0 |
| 2. | HK | 0 | 0 | 0 | 000:000 | 0 | 0 |
| 3. | Laugdælir | 0 | 0 | 0 | 000:000 | 0 | 0 |
| 4. | Smári | 0 | 0 | 0 | 000:000 | 0 | 0 |

Skýrslum úr B-riðli hefur ekki verið skilað til KKÍ.

LEIKIR UM SÆTI:

| | | |
|---|---|---|
| 1.-2. sæti: | Reynir S. - ÍG | 86-88 |
| 3.-4. sæti | HK - Skotf. Ak. | 85-93 |
| 5.-6. sæti | Reynir H. - Laugdælir | 71-94 |
| 7.-8. sæti | Hrönn - Smári | 55-62 |

**2. DEILD KVENNA**

Alls tóku 7 félög þátt í 2. deild kvenna. Íslandsmeistari varð UMFN.

# 2. deild kvenna 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 12 | 10 | 2 | 725:511 | 214 | 20 |
| 2. | Haukar | 12 | 10 | 2 | 648:540 | 108 | 20 |
| 3. | ÍR/Breiðablik | 12 | 10 | 2 | 690:538 | 152 | 20 |
| 4. | Hamar | 12 | 4 | 8 | 538:638 | -100 | 8 |
| 5. | ÍA | 12 | 3 | 9 | 577:663 | -86 | 6 |
| 6. | Þór Ak. | 12 | 3 | 9 | 530:673 | -143 | 6 |
| 7. | UMFH | 12 | 2 | 10 | 554:699 | -145 | 4 |

## 1. FLOKKUR KARLA

Níu félög tóku þátt í Íslandsmótinu í 1. flokki karla og léku allir við alla tvær umferðir.

# 1. flokkur karla 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFG | 14 | 11 | 3 | 1071:900 | 171 | 22 |
| 2. | Keflavík | 13 | 9 | 4 | 1057:948 | 109 | 18 |
| 3. | ÍR | 14 | 8 | 6 | 1203:1142 | 61 | 16 |
| 4. | Breiðablik | 12 | 6 | 6 | 875:824 | 51 | 12 |
| 5. | Valur | 13 | 6 | 7 | 949:945 | 4 | 12 |
| 6. | Reynir S. | 14 | 6 | 8 | 997:1036 | -39 | 12 |
| 7. | Hamar | 12 | 3 | 9 | 729:1041 | -312 | 6 |
| 8. | Haukar | 10 | 2 | 8 | 828:873 | -45 | 4 |

Úrslit vantar úr nokkrum leikjum svo hægt sé að ljúka mótinu og afhenda verðlaun.

## UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Sextán félög tóku þátt í unglingaflokki karla og var þeim skipt í tvo átta liða riðla. Innan riðlanna var leikin tvöföld umferð. Í A-riðli léku: Keflavík, UMFG, UMFN, Fjölnir, ÍR, Tindastóll, Stjarnan og KR b. Í B-riðli léku: KR a, Haukar, Valur, Þór Ak., Skallagrímur, ÍA, Breiðablik og unglingalandsliðið sem lék sem gestalið.

# Unglingaflokkur ka. 2001

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Breiðablik | 10 | 8 | 2 | 819:730 | 89 | 16 |
| 2. | Stjarnan | 10 | 7 | 3 | 804:746 | 58 | 14 |
| 3. | Tindastóll | 10 | 6 | 4 | 687:714 | -27 | 12 |
| 4. | Keflavík | 10 | 5 | 5 | 823:792 | 31 | 10 |
| 5. | UMFG | 9 | 2 | 7 | 660:707 | -47 | 4 |
| 6. | Valur | 9 | 1 | 8 | 615:719 | -104 | 2 |
| 7. | Ungl.landslið | 0 | 0 | 0 | 0:0 | 0 | 0 |

Unglingalandsliðið var gestalið.

LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR | 8 | 7 | 1 | 590:456 | 134 | 14 |
| 2. | Þór Ak. | 8 | 6 | 2 | 706:549 | 157 | 12 |
| 3. | ÍR | 8 | 3 | 5 | 623:719 | -96 | 6 |
| 4. | ÍA | 8 | 3 | 5 | 474:556 | -82 | 6 |
| 5. | Haukar | 8 | 1 | 7 | 472:585 | -113 | 2 |
| 6. | Skallagrímur | 0 | 0 | 0 | 0:0 | 0 | 0 |

Skallagrím var vísað úr mótinu.

## ÚRSLITAKEPPNI UNGLINGAFLOKKS KARLA

Í úrslit úr A-riðli komust: Breiðablik, Stjarnan, Tindastóll, Keflavík.
Í úrslit úr B-riðli komust: KR, Þór Ak., ÍR, ÍA.

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik – ÍA | 91-61 | KR - Keflavík | 110-84 |
| Þór KA. – Tindastóll | 107-78 | Stjarnan - ÍR | Úrslit vantar |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik – Þór Ak. | 71-58 | KR - Stjarnan. | 94-85 |

ÚRSLIT

**KR - Breiðablik 78-70**

**DRENGJAFLOKKUR**

Eftirtalin félög tóku þátt í drengjaflokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: KR, UMFN, Valur/Fjölnir, ÍR.
B-riðill: Haukar, Tindastóll, Breiðablik, Keflavík.
C-riðill: Stjarnan, Þór Ak., ÍA.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Valur/Fjölnir - Breiðablik | 66-45 | Haukar- KR | 43-80 |
| **KR – Valur/Fjölnir** | **70-58** | | |

**11. FLOKKUR KARLA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFG, Stjarnan, UMFN, Haukar.
B-riðill: Selfoss, Keflavík, ÍA, Þór Ak.
C-riðill: Valur/Fjölnir a, KFÍ, Breiðablik, Tindastóll.
D-riðill: KR, Þór Þorl., Valur/Fjölnir b, Valur/Fjölnir c, Reynir H.
Reynir H. mætti ekki í 1. umf. en lék síðan sem gestalið.
ÍA, Breiðablik, KFÍ, Tindastóll og Valur/Fjölnir c hættu öll keppni.
Leikið var í þremur riðlum eftir 1. umferð.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan - Keflavík | 92-75 | UMFG – UMFN | 62-59 |
| **Stjarnan - UMFG** | **77-74** | | |

**10. FLOKKUR KARLA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Selfoss, Valur/Fjölnir a, UMFG, KR, UMFN.
B-riðill: Keflavík, ÍR, Haukar, Snæfell, Kormákur.
C-riðill: Breiðablik, Valur/Fjölnir b, Stjarnan, KFÍ, Þór Ak.
D-riðill: Hamar, Skallagrímur, UMFH, Þór Þorl., ÍV.
ÍV, UMFH og KFÍ hættu keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFG - Selfoss | 47-40 | Valur/Fjölnir - UMFN | 49-54 |
| **Selfoss – UMFN** | **63-60** | | |

**9. FLOKKUR KARLA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFN, ÍR, Valur/Fjölnir, Keflavík, Tindastóll.
B-riðill: Valur/Fjölnir b, KR, Þór Ak., Skallagrímur.
C-riðill: Breiðablik, ÍA, Hamar, Haukar.
D-riðill: UMFH, Keflavík b, UMFG, Þór Þorl.
Hamar lauk ekki keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Valur/Fjölnir b – Þór Ak. | 61-62 | UMFN - Valur/Fjölnir a | 54-46 |
| **UMFN – Þór Ak.** | **71-44** | | |

## 8. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Valur/Fjölnir a, KR, Þór Ak., Snæfell, Keflavík.
B-riðill: Keflavík b, UMFN, Stjarnan, Valur/Fjölnir c.
C-riðill: Breiðablik, Valur/Fjölnir b, ÍR, Selfoss.
D-riðill: ÍA, Haukar, Valur/Fjölnir d, KFÍ.
Valur/Fjölnir c mætti ekki í 1. umferð en lék sem gestalið eftir það. KFÍ hætti keppni.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

### 8. ka. 1. D. A, 4. Umf 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR | 4 | 4 | 0 | 192:101 | 91 | 10 |
| 2. | Valur/Fjölnir | 4 | 3 | 1 | 175:127 | 48 | 9 |
| 3. | ÍA | 4 | 2 | 2 | 161:194 | -33 | 8 |
| 4. | Þór Ak. | 4 | 1 | 3 | 167:194 | -27 | 5 |
| 5. | Snæfell | 4 | 0 | 4 | 116:195 | -79 | 4 |

## 7. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: KR, Valur/Fjölnir a, Keflavík, Haukar, KFÍ.
B-riðill: UMFN, UMFH, Tindastóll, UMFG.
C-riðill: Breiðablik, Valur/Fjölnir b, Þór Þorl., Hamar.
D-riðill: ÍA, KFÍ b, Þór Ak. ÍR.
ÍR, Hamar, Breiðablik, KFÍ og KFÍ b hættu öll keppni.
Leikið var í þremur riðlum eftir 1. umferð.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

### 7. ka. 1. D. A, 4. Umf 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR | 5 | 5 | 0 | 282:161 | 121 | 13 |
| 2. | Keflavík | 5 | 4 | 1 | 230:175 | 55 | 12 |
| 3. | Valur/Fjölnir | 5 | 3 | 2 | 228:188 | 40 | 9 |
| 4. | UMFN | 5 | 2 | 3 | 162:206 | -44 | 7 |
| 5. | KFÍ | 5 | 1 | 4 | 145:235 | -90 | 7 |
| 6. | Tindastóll | 5 | 0 | 5 | 134:216 | -82 | 5 |

## MINNIBOLTI DRENGJA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, Valur/Fjölnir a, Haukar, KFÍ, KR.
B-riðill: UMFN, Tindastóll, UMFG, Stjarnan, Valur/Fjölnir c.
C-riðill: Breiðablik, UMFH, Þór Þorl, Snæfell, Valur/Fjölnir b.
D-riðill: Hamar, Selfoss, ÍR, ÍA, Keflavík b.
Valur/Fjölnir b hætti keppni.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

## MB. ka. 1. D. A, 4. Umf 2001

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 4 | 4 | 0 | 189:153 | 36 | 8 |
| 2. | Breiðablik | 4 | 2 | 2 | 171:154 | 17 | 4 |
| 3. | UMFG | 4 | 2 | 2 | 151:169 | -18 | 4 |
